

Bologna Reforms in Iceland (BORE II)

Námsheimsókn til Helsinki 28.-30. október 2018

Eitt af markmiðum BORE II verkefnisins er að styðja við aukna alþjóðavæðingu háskólakerfisins á Íslandi. Styrkur var veittur til námsheimsóknar til Finnlands dagana 29.-30. október 2018 í þeim tilgangi að kynna sér hvað er gert þar í landi til að efla stúdenta- og kennaraskipti. Þátttakendur frá Íslandi voru Rúna Vigdís Guðmarsdóttir (Rannís), Friðrika Harðardóttir (Háskóla Íslands), Una Strand Viðarsdóttir (menntamálaráðuneyti) og Salka Sigurðardóttir og Aldís Mjöll Geirsdóttir (Landssamtökum íslenskra stúdenta).

### Universities Finland – UNIFI

Leena Wahlfors, Anna Humalamäki, Marko Niemi og Elina Ajalin

Samtökin UNIFI voru stofnuð 2009 á gömlum grunni og leiðir saman alla 15 háskólana (e. universities) í Finnlandi. Í háskólunum eru samanlagt 150.000 stúdentar (þar af 18.000 doktorsnemar), 30.000 námsleiðir og 28.000 starfsmenn. Markmið UNIFI er tvenns konar: að styðja við samstarf háskóla og að efla stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Framlag ríkisins til háskóla hefur lækkað með hverju árinu það sem af er núverandi kjörtímabili. Nú eru kosningar handan við hornið og UNIFI leggur áherslu á að sannfæra stjórnámálamenn um mikilvægi þess að fjárhagur háskóla sé tryggður. Verið er að endurskoða fjárhagsmódelið fyrir háskóla, en núverandi aðferð er flókin og gefur háskólum lítið svigrúm til að setja eigin áherslur og markmið. Hér er um að ræða mun fleiri töluleg markmið heldur en það sem íslenska ráðuneytið setur háskólum hér. Ekki er útlit fyrir að nýja módelið muni vera mikið skárna að mati UNIFI. Ekki virðist um að ræða formleg samstarf við stúdenta en af og til boðar UNIFI SYL á sinn fund og ráðfæra sig við þau varðandi „félagsleg mál sem varða stúdenta“.

### University of Helsinki

Minna Koutaniemi, Marcus Latininen, Mari Lauri, Hannele Kirveskoski og Topias Tolonen

Háskólinn í Helsinki er sá stærsti í Finnlandi með 31.500 nemendur. Háskólasamfélagið er alþjóðlegt: 25% starfsmanna eru erlendir og 34 af 60 námsleiðum á meistarastigi eru kenndar á ensku. Árið 2016 voru tekin upp skólagjöld fyrir meistaránema utan ESB í öllum finnskum háskólum sem höfðu þau áhrif í Helsinki að fjöldi nýrra nemenda á meistarastigi lækkaði. Í kjölfarið hefur verið gert markaðsátak til að laða nemendur að skólanum. Stefnt er að því að 20% nemenda verði erlendir. Á síðustu árum var farið gegnum miklar breytingar á öllum námsleiðum sem urðu til þess að þriðjungur þeirra var hætt. Nú eru námsleiðir í betra samræmi við Bologna ferlið þó svo að einhverjar undantekningar séu á. Meira hefur verið gert úr starfsmöguleikum eftir útskrift á heimasíðu skólans og sterk tengsl við atvinnulífið meðan á námi stendur: styrkir eru fyrir hendi til starfsnáms innanlands og utan og öllum er skylt að taka 5 ECTS einingar í „career studies“ sem hluta af námi sínu. Samstarf við lítil og meðalstór fyrirtæki er töluvert, sem og frumkvöðlafyrirtæki. Háskólinn fylgir brautskráðum nemendum eftir með könnun við útskrift og svo fimm árum síðar, og leggur mikið upp úr góðum tengslum við þennan hóp. Stúdentar taka þátt í innra gæðamati

háskólans og hafa fengið handbækur sér til stuðnings. Einnig eru allir látnir fylla út könnun við lok grunnnáms, en niðurstöður hennar hafa tengingu við fjárframlag úr ríkissjóði.

Íslenskir háskólar hafa átt í erfiðleikum með að senda stúdenta í skiptinám til Finnlands en slíkt virðist ekki eiga við um lönd utan Norðurlandanna: University of Helsinki fær til sín fleiri skiptinema en fara út. Af nemendum skólans hafa 20-25% farið út ef taldar eru með stuttar námsdvalir. Í sumum greinum, eins og kennaranámi, er erfiðara að senda nemendur og það skortir sveigjanleika í námskránni til að nemendur geti brotið upp námið og farið út. Háskólinn veitir styrk til þeirra sem eru ekki styrktir af áætlunum eins og Erasmus+ og Nordplus og þau sem fara í Erasmus+ innan Evrópu fá svo 225 evrur í styrk og 800 evrur í lán frá ríkinu.

## Aalto University

Eija Zitting

Aalto er næststærsti háskóli Finnlands með 18.000 nemendur og 4200 starfsmenn. Mikil áhersla er lögð á blandað nám og mikilvægt að nemendur öðlist þekkingu og færni í tölvum og gervigreind. Unnið er með raunveruleg dæmi. Áhersla er lögð á þverfaglega nálgun og nemendur geta tekið námskeið í öðrum deildum og fengið þau metin. Frumkvöðlaverkefni eru metin til eininga.

Þátttaka stúdenta í mótun háskólans og viðburðum hans er talin afar mikilvæg og frumkvæðið hefur komið frá stúdentum að nokkrum verkefnum, eins og „student sauna“ þar sem nýsköpun og frumkvöðlastarf er í brennidepli. 1-4 stúdentafulltrúar eru með ráðum og öllum meiriháttar ákvörðunum skólans. Talið barst að geðheilbrigðismálum stúdenta en þarna virðist vera mikill stuðningur og opin umræða um þá staðreynd að mörgum líður ekki nógu vel. 8 sálfræðingar vinna við skólann í fullu starfi og sálfræðinemar koma einnig að þjónustunni, sem á að tryggja að allir sem eftir því óska fá ráðgjöf við fyrsta tækifæri og þeim að kostnaðarlausu. Einnig eru sendar út „well-being surveys“ og ef íslenskar stofnanir hafa hug á því að heyra meira um þær er Aalto tilbúinn að deila starfi sínu þar.

## SYL (samtök stúdenta í finnskum háskólum) og SAMOK (samtök stúdenta í finnskum fagháskólum)

Petteri Heliste, Maria Nyroos, Miika Tiainen, Tapio Heiskari, Jani Kykkänen, Annika Eskman, Anniina Sippola, Miikka Lönnqvist og Jenni Röynä

Við áttum sameiginlegan fund með samtals níu fulltrúum þessara tveggja stúdentasamtaka sem eru með aðsetur í sömu byggingu og vinna náið saman. Í SYL eru stúdentar allra 15 háskólanna og í SAMOK eru stúdentar allra 25 fagháskólanna. Hlutverk samtakanna er að koma á framfæri rödd stúdenta í ýmsum nefndum og vinnuhópum á landsvísu, gefa álit og vera í sambandi við stjórnmalafólk og opinbera starfsmenn. Forgangsatíði samtakanna beggja eru ýmis og má þar helst nefna félagsleg málefni (húsnæði, velferðarmál og jafnrétti), alþjóðavæðingu og uppbyggingarstarf, til að mynda í Guatemala, Mósambik og Mongólíu. Varðandi heilbrigðismál stúdenta munu þeir sjá breytingar með nýjum lögum sem eru að taka gildi og munu tryggja öllum stúdentum rétt til að fá heilbrigðisþjónustu hjá sama fyrirtækinu. Geðheilbrigðismál eru mikilvægt málefni og greinilegt að hinn góði aðbúnaður sem Aalto býður upp á er ekki dæmigerður fyrir finnska háskólastofnun. Finnskir nemar verja miklum tíma í nám og eru oft við það

að brenna út. 1 af hverjum 5 á börn. Varðandi húsnæðismál býr 1 af hverjum 4 í stúdentahúsnæði sem er í eigu fyrirtækja í eigu stúdenta. Nú er verið að ræða um að efla lánakerfið fyrir námsmenn en þessu eru samtökin á móti. Þau hafa einnig lagst gegn upptöku skólagjalda fyrir nemendur utan ESB enda eigi allir nemendur að sitja við sama borð. Ráðuneytið hvetur til þess að fulltrúar stúdenta eigi sæti í vinnuhópum á þess vegum, sem samtökin fagna að sjálfsögðu.

Samtökin höfðu greinilega bæði kynnt sér vel Erasmus+ áætlunina og þá sem mun taka við af henni 2021-2027. Þau eru hlynnt meira fjármagni og bættu aðgengi og myndu vilja sjá starfsnám falla betur inn áætlunina. Alþjóðavæðing heima fyrir er mikilvæg, sem og starfsmannaskipti. Þau vilja meina að Erasmus+ sé það langbesta sem háskólanemar sjá við Evrópusambandið og vilja veg áætlunarinnar sem mestan. Hins vegar eru þau ekki hrifin af Discover EU og þykir rangt að taka fjármagn úr Erasmus+ til að styrkja European Universities, þar sem lítið samráð hefur verið haft við stúdenta.

## Finnish National Agency for Education – EDUFI

Anna Siltaala, Heidi Reese og Sofia Lähdeniemi

EDUFI hýsir finnsku landskrifstofuna fyrir Erasmus+. Stúdentaskipti til og frá Finnlandi virðist vera í miklu jafnvægi og fer hlutur Erasmus+ hækkandi: 60% af þeim sem fara frá Finnlandi fara gegnum Erasmus+ og 70% af þeim sem koma til Finnlands. Á síðasta ári fór 9.551 og 10.445 kom. Fyrir aldamót var fjöldi þeirra sem fór frá Finnlandi mun hærri en þeirra sem kom, en í kringum árið 2000 jókst framboð á húsnæði og á námskeiðum á ensku og landið fór að fá það orðspor að vera framandi en samt nútímalegt. Eftirsóttustu löndin í skiptinámi frá Finnlandi eru Bretland, Holland, Þýskaland, Frakkland og Spánn, en til Finnlands koma flestir frá Spáni, Kína, Frakklandi, Hollandi og Þýskalandi. Allir háskólar styrkja þá nemendur sem fara í stúdentaskipti án styrks frá Erasmus+. Varðandi jafnt aðgengi að námsdvöl erlendis virtist ekki mikil vinna hafa farið fram – „everybody who wants to go can go“. Þó eru 9 stúdentar með fötlun styrktir á hverju ári með Erasmus+ og 50 stúdentar með börn fá aukastyrk sökum aðstæðna sinna. Það hefur verið erfitt að fá nemendur í austur- og norðurhluta landsins til að taka þátt í Erasmus+. Starfsnám er mun algengara hjá fagháskólum en háskólum. Ekki er algengt að hafa sérstakan glugga fyrir dvöl erlendis í námskrám, og sérstaklega hefur reynt erfitt fyrir kennaranema og læknanema að koma dvöl erlendis fyrir í sinni námsframvindu.

Greint var frá alþjóðastefnu stjórnvalda sem ber titilinn Better together for a Better World. Þar er lögð áhersla á Finnland sem eftirsóttan stað til háskólanáms, hágæðamenntun og að koma finnsku sjónarhorni til skila í alþjóðlegum umræðum. Menntamálasérfræðingar í sendiráðum víða um heim hafa verið virkjaðir, sem og brautskráðir nemendur. Markmiðið er að allir háskólanemar öðlist einhvers konar alþjóðlega reynslu í náminu sínu, hvort sem það er með því að læra erlent tungumál, fara út, hafa erlenda kennara eða njóta alþjóðavæðingar heima fyrir á annan hátt. Í almennri stefnu stjórnvalda fyrir háskóla og menntun til 2030 er stefnt að því að 50% ungs fólks eigi að hafa lokið háskólanámi, að námið sé einstaklingsmiðað og sveigjanlegt, að það sé opið og stafrænt, að námsumhverfið sé mjög gott og að finnskir háskólar séu öflugir í alþjóðasamstarfi.

Að lokum má nefna að EDUFI virðist eiga í litlum formlegum samskiptum við hagsmunaaðila stúdenta en myndu gjarnan vilja bæta úr því.